

Leiðbeiningar

fyrir sveitarfélög um stoðþjónustu samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Lagagrundvöllur

Reglur sveitarfélaga um stoðþjónustu sækja stoð sína til nýrra laga um þjónustu við fatlað fólk. Eitt af meginmarkmiðum lagasetningarinnar var að innleiða tiltekin ákvæði Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) í íslenska löggjöf.

SRFF er alþjóðlegur mannréttindasáttmáli sem Ísland hefur fullgilt fyrir sína hönd. Stjórnvöldum, bæði ríkis og sveitarfélaga, ber skylda til þess að framfylgja meginreglum þessa sáttmála við alla framkvæmd á þjónustu við fatlað fólk. Stoðþjónusta samkvæmt lögum þessum sækir sérstaka stoð til 19. gr. sáttmálans.

Samvinna sveitarfélaga

Sveitarfélag eða sveitarfélög sem mynda sameiginlegt þjónustuvæði setja sér einar reglur um stoðþjónustu skv. 8. gr. laga nr. 38/2018.

Ef samningurinn felur í sér að einu sveitarfélagi sé falið að taka ákvarðanir um þjónustu við fatlað fólk (leiðandi sveitarfélag) setur það sveitarfélag reglur um framkvæmd stoðþjónustu.

Ef samningurinn felur í sér að sérstökum lögaðila (byggðasamlag) sé falið að taka ákvarðanir um þjónustu við fatlað fólk (byggðasamlag um þjónustu) setur sá lögaðili reglur um framkvæmd stoðþjónustu.

Drög að reglum ásamt tillögum að breytingum á þeim þurfa að fá umfjöllun í sveitarstjórnnum allra sveitarfélaga sem aðild eiga að samstarfinu á hverjum tíma.

Réttur til þjónustu og inntak hennar

Fatlað fólk skal eiga rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Ávallt skal veita fötluðu fólki þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði félagsþjónustu, húsnæðismála, menntunar, vinnumarkaðar, öldrunarþjónustu og heilbrigðisþjónustu sbr. c-lið 19. gr. Samnings SP um réttindi fatlaðs fólks.

Reynist þörf fatlaðs einstaklings fyrir þjónustu/stuðning meiri eða sérhæfðari en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal veita stoðþjónustu samkvæmt lögum nr. 38/2018. Þjónusta kemur til viðbótar þeirri þjónustu sem veitt er á grundvelli annarra laga en ekki í stað hennar. Að jafnaði skal einstaklingur nýta sér almenna þjónustu, allt að 15 klukkustundum á viku, sbr. [26. og 27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991](#) áður en stoðþjónusta skv. lögum þessum tekur við.

Samkvæmt 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skal fötluðu fólki standa til boða stoðþjónusta sem er nauðsynleg þátttöku þess í samfélaginu án aðgreiningar þannig að það standi til jafns við aðra og komið verði í veg fyrir félagslega einangrun þess. Stoðþjónusta þessa skal veita í hverju sveitarfélagi með þeim hætti sem best hentar á hverjum stað. Með stoðþjónustu er átt við eftirfarandi þjónustupætti:

1. Stuðningur við sjálfstætt heimilishald og samfélagslega þátttöku.

2. Sérhæfð ráðgjöf, félagslegur stuðningur og samneyti þ.m.t. ástundun tómsunda og menningarlíf.
3. Stuðningur við fötluð börn vegna umönnunar og þjálfunar og þjónusta við fjölskyldur þeirra,
4. Stuðningur við fatlaða foreldra vegna umönnunar og uppeldis barna sinna.
5. Stuðningur til að geta sótt hæfingu, endurhæfingu, menntun og atvinnu.

Skilyrði fyrir þjónustu

1. Umsækjandi skal teljast fatlaður í skilningi laga nr. 38/2018 um þjónustu við fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
2. Einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimili eða stofnun og þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu eiga ekki rétt á þjónustu skv. leiðbeiningum þessum.
3. Umsækjandi skal hafa þörf fyrir stuðning sem er meiri eða sérhæfðari en svo að honum verði fullnægt með almennri þjónustu.

Einstaklingur, sem náð hefur 67 ára aldri og sækir um þjónustu, getur átt rétt á þjónustu ef sýnt þykir að fötlun hans stafi ekki af aldurstengdri skerðingu.

Fatlað fólk sem er með lögheimili utan sveitarfélagsins getur sótt um stuðning samkvæmt reglum þessum en skilyrði er að umsækjendur hafi lögheimili í sveitarfélaginu þegar stuðningur hefst.

Mat á stuðningsþörf

Við mat á stuðningsþörf skal taka tillit til þarfa einstaklingsins fyrir þjónustu eða aðstoð í daglegu lífi vegna fötlunar. Stuðningsþarfir eru einstaklingsbundnar en geta einnig tekið mið af þörfum fjölskyldu einstaklingsins. Matið skal unnið í samvinnu með notanda og styðjast við hvaða þjónustu notandi þarf til að geta lifað í samfélaginu án aðgreiningar og til að koma í veg fyrir einangrun hans.

Við mat á stuðningsþörfum er stuðst við samræmdar aðferðir þ.e. stuðnings- og þjónustuþörf er metin heildstætt.

Sveitarfélög geta valið að nota SIS-mat eða aðrar gagnreyndar matsaðferðir, til að meta stuðningsþörf.

Við mat á stuðningsþörf eru eftirfarandi meginþættir metnir og hversu brýn þörf er fyrir stuðning:

1. Færni/getu og styrkleika.
2. Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets.
3. Samfélagsþátttöku, valdeflingar og virkni.
4. Hvaða afleiðingar töf á veitingu stuðnings hafi fyrir umsækjanda.
5. Annars veitts stuðnings.

Þjónusta sem veitt er notanda skal vera heildstæð, samfelld og samþætt.

Umfang

Við ákvörðun á umfang þjónustu skal taka mið að því að notandi er virkur þátttakandi í samfélaginu og fái þjónustu við það sem hann getur ekki gert. Það er misjafnt hversu langan tíma hvert verk tekur eftir því hversu þátttaka notanda er mikil/lítill.

Ákvörðun um tilhögun stoðþjónustu tekur mið af þremur þáttum::

1. Tíðni - hve oft er þörf fyrir stuðning.
2. Daglegur stuðningstími - hve mikil þörf er fyrir stuðning á dæmigerðum degi.
3. Tegund stuðnings -- hvers konar stuðning á að veita.

Ákvörðun um stuðningsþjónustu felur í sér að stuðningur sé veittur í samræmi við þörf og að jafnaði í tiltekinn fjölda klukkustunda í mánuði hverri á grundvelli mats á stuðningsþörf.

Samningur um þjónustu (einstaklingsbundin þjónustuáætlun/stuðningsáætlun)

Áður en þjónusta hefst skal gerður samningur milli aðila þar sem fram kemur tilgangur með stuðningi, hvernig settum markmiðum með þjónustunni skuli náð, hvernig aðstoðin skuli veitt og tímamörk samnings. Jafnframt skal tilgreint hvernig árangur þjónustunnar skuli vera metinn.

Forgangsröðun umsókna

Pegar umsókn um stuðning hefur verið samþykkt og samningur um þjónustu liggur fyrir þá getur stuðningur við notanda hafist.

Ef fyrirséð er að stuðningurinn geti ekki hafist innan þriggja mánaða skal umsókn sett á biðlista. Umsækjandi er upplýstur um áætlaða lengd á biðtíma og hvaða stuðningur standi honum til boða á biðtímanum, sbr. ákvæði reglugerðar um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu, nr. 1035/2018.

Notendasamningar

Sveitarfélög skulu setja sér nánari reglur um notendasamninga. Einstaklingar og barnafjölskyldur sem metnar eru í þörf fyrir stoðþjónustu geta sótt um notendasamning sbr. 10. gr. laga nr. 38/2018

Gagnaöflun

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við lögráðamann eða persónulegan talsmann hans eftir því sem við á. Leita skal eftir afstöðu barns eða eftir atvikum hafa samráð við það, eftir því sem aldur og þroski þess leyfir, um málefni þess áður en ákvörðun um veitingu stuðnings er tekin. Ef þörf er á skal umsækjandi fá aðstoð við öflun nauðsynlegra gagna.

Sérstaklega skal gætt að frumkvæðisskyldu hvað varðar þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir sbr. lög nr. 38/2018.

Málsmeðferð:

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnssýslulaga, nr. 37/1993, ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 og ákvæði VII. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. (sjá meðfylgjandi gátlista).

Upplýsingamiðlun

Í reglum sveitarfélags skulu vera ákvæði um gagnkvæma upplýsingamiðlun til að tryggja að framkvæmd sé í senn skilvirk og í þágu þeirra markmiða sem úrræðinu er ætlað að þjóna.

Upplýsingagjöf milli aðila getur verið útfærð með samkomulagi sveitarfélags, notanda og eftir atvikum stuðningsaðila .

Reglur sveitarfélags skulu kveða á um þagnarskyldu, þ.e. að stuðningsaðili undirgangist þagnarheit varðandi upplýsingar um notanda og fjölskylduhagi hans. Þagnarskyldan helst eftir að þjónustu lýkur eða þegar samningur rennur sitt skeið á enda.

Stafrænar lausnir

Mælt er með því að sveitarfélög nýti sér stafrænar lausnir og velferðartækni við veitingu þjónustu, notendum til hagsbóta.